

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## GMR Endurvinnslan ehf Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	10.12.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	GMR Endurvinnslan ehf	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Tangavegi 7	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið seinna eftirlit
<b>Kennitala</b>	5406101930	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Marteinn Másson	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Tekinn var eftirlitsfundur með rekstraraðila en engin starfsemi hefur farið fram á þessu ári eða síðan fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta í byrjun árs 2017. Fyrirtækið er enn í söluferli og telst því vera í tímabundinni stöðvun en nýr rekstraraðili mun þurfa ganga í úrbætur á útustandandi frávikum áður en rekstur hefst að nýju. Engin ný frávik komu fram frá starfsleyfi.

### UMFANG EFTIRLITS

Stórsekkir og ker sem stóð fyrir utan verksmiðjuna við síðasta eftirlit hefur nú verið fært inn í hús. Í síðasta eftirliti var skráð frávik vegna úrgangs sem geymdur er á lóðinni og hefur rekstraraðili óskað eftir heimild til þess að fresta því að fjarlægja gröfu, lyftara, gjall og rafskaut þar til síðar, meðan reynt er að selja verksmiðjuna. Rekstraraðili hafi þá reynt að selja rafskautin sem eru framleiðsluvara GMR. Umhverfisstofnun óskaði eftir frekari upplýsingum um ástand lyftara og gröfu í eftirlitinu.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 18.01.2019

Einar Halldórsson